

30. Frumvarp

til fjáráukalaga fyrir árin 1920 og 1921.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

1. gr.

Sem viðhót við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum 1920--1921 veitast kr. 834908,23, til útgjalda þeirra, sem um getur hjer á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við 12. gr. fjárlaganna (læknaskipun o. fl.) veitast kr. 158000,00.

| | | |
|--|----------|---------------|
| 1. Til þess að ljúka við að reisa læknisbústað á Víflsstöðum og koma fyrir barnadeild í herbergjum þeim, er læknir áður notaði til íbúðar | kr. | 55000,00 |
| 2. Kostnaður af millipinganefnd um varnir gegn berklaveiki ... | — | 12000,00 |
| 3. Styrkur handa Guðnýju Jónsdóttur til hjúkrunarnáms í New-York | — | 1000,00 |
| 4. Til varnarráðstafana vegna kvefpestar | — | 90000,00 |
| | Samtals: | kr. 158000,00 |

3. gr.

Sem viðbót við 13. gr. fjárlaganna (til samgöngumála) veitast kr. 160000,00

| | | |
|--|----------|---------------|
| 1. Til dragferju á Lagarfljóti 1919 (Endurveiting) | kr. | 300,00 |
| 2. — dragferju á Hjeraðsvötnum (Þar af 300 kr. endurveiting fyrir 1919) | — | 700,00 |
| 3. — Skaftfellingabáts 1919 (Endurveiting) | — | 6000,00 |
| 4. — Austfjarðabáts 1919 (Endurveiting) | — | 1000,00 |
| 5. Viðbótarstyrkur til vjelbátaferða um Ísafjarðardjúp 11000 kr. hvort árið | — | 22000,00 |
| 6. Til styrktar bátaferðum á flóum og fjörðum kring um land | — | 80000,00 |
| 7. Til að kaupa símastöðvarhús í Vestmannaeyjum | — | 50000,00 |
| | Samtals: | kr. 160000,00 |

4. gr.

Sem viðbót við 14. gr. fjárlaganna (kirkju- og kenslumál) veitast kr. 69803,24.

| | | |
|--|----------|--------------|
| 1. Til líkhúss handa háskólanum | kr. | 4000,00 |
| 2. — utanfarar rector's mentaskólans | — | 2500,00 |
| 3. Þóknun fyrir starf mentamálanefndar | — | 10000,00 |
| 4. Aðgerð og málning mentaskólans | — | 25500,00 |
| 5. Utanfararstyrkur skólastjórans á Eiðum | — | 3000,00 |
| 6. Uppbót á borgun fyrir smíða- og dráttlistarkenslu á Hólum og Hvanneyri | — | 3600,00 |
| 7. Fyrir bætur á Hólum í Hjaltadal með hjáleigunni Hofi og umbætur á bústofni þar | — | 19703,24 |
| 8. Fyrir aðgerð á daufdumbraskólanum | — | 1500,00 |
| | Samtals: | kr. 69803,24 |

5. gr.

Sem viðbót við 15. gr. fjárlaganna (vísindi, bókmentir og listir) veitast kr. 89765,19.

| | | |
|--|-------|-------------|
| 1. Til útgáfu minningarrits landsbókasafnsins | kr. | 4500,00 |
| | Flyt: | kr. 4500,00 |

| | | | |
|---|----------|-----|----------|
| | Flutt: | kr. | 4500,00 |
| 2. Styrkur til dr. Jóns Þorkelssonar til útgáfu fornbrjefasafnsins, 800 kr. hvort árið | — | | 1600,00 |
| 3. Styrkur handa sama manni til að sækja fund norrænna sagnfræðinga í Kristíaníu | — | | 1200,00 |
| 4. Styrkur handa dr. Jóni Aðils í sama skyni | — | | 2500,00 |
| 5. Styrkur handa magister Boga Th. Melsted í sama skyni ... | — | | 400,00 |
| 6. Styrkur til Kvenrjettindafjelagsins til að sækja alþjóðafund Kvenrjettindasambandsins í Sviss | — | | 2500,00 |
| 7. Viðbót við utanfararstyrk Sigfúsar Einarssonar | — | | 1500,00 |
| 8. Til að fullgera hús yfir listaverk Einars Jónssonar | — | | 50000,00 |
| 9. Fyrir að flytja mold í kirkjugarðinn í Reykjavík og fyrir landspildu undir hann | — | | 23065,19 |
| 10. Til að gefa út þýðingu af fyrri hluta Göethes Faust | — | | 2500,00 |
| | Samtals: | kr. | 89765,19 |

6. gr.

Sem viðbót við 16. gr. fjárlaganna (verkleg fyrirtæki) veitast kr. 144219,90.

| | | |
|--|----------|---------------|
| 1. Styrkur til Jóns H. Þorbergssonar til utanfarar í ullarmats-erindum | kr. | 1000,00 |
| 2. Til aðgerðar sjóvarnargarðs á Siglufirði | — | 6000,00 |
| 3. Utanfararstyrkur Johannis Fr. Kristjánssonar | — | 2500,00 |
| 4. Dýrtíðaruppbætur til sama manns 1920 og 1921 | — | 7719,90 |
| 5. Dýrtíðaruppbætur handa starfsmönnum Búnaðarfjelags Íslands, Garðyrkjufjelags Íslands, Búnaðarsambandanna og Fiskifjelags Íslands | — | 56000,00 |
| 6. Styrkur til heimilisiðnaðarfjelaga 1919 (Endurveiting) | — | 1000,00 |
| 7. Fyrir mulningsvjel | — | 1000,00 |
| 8. Til Skeiðaveitunnar, $\frac{1}{4}$ kostnaðar | — | 29000,00 |
| 9. — erindreka á Spáni og Ítalíu, 20000 kr. á ári | — | 40000,00 |
| | Samtals: | kr. 144219,90 |

7. gr.

Sem viðbót við 18. gr. fjárlaganna (eftirlaun og styrktarfe) veitast kr. 12619,90.

Eftirlaun handa Sigurði Jónssyni fyrir atvinnumálaráðherra 3000 kr. á ári og dýrtíðaruppbót eftir 33 gr. launalaganna kr. 12619,90

8. gr.

Sem viðbót við 19. gr. fjárlaganna (óviss útgjöld) veitast kr. 200500,00.

| | | |
|--|----------|---------------|
| 1. Kostnaður vegna fyrirhugaðrar komu Hans Hátignar konungsins og Hennar Hátignar drotningarinnar | kr. | 200000,00 |
| 2. Styrkur handa Sigurði Jónssyni trjesmið, Berlín | — | 500,00 |
| | Samtals: | kr. 200500,00 |

A t h u g a s e m d i r :

Við 2. gr.

1. Kostnaðurinn við að reisa læknisbústað á Vífilstöðum hefir orðið miklu meiri, vegna síhækkandi verðlags, en gert var ráð fyrir í fyrstu, en við breyting þessa hefir aukist mikið rúm á Heilsuhælinu og var hin mesta nauðsyn á því, þar sem jafnan bíða sjúklingar sem þurfa að komast á hælið.

2. Þessi fjárhæð er áætluð, en eftir því sem nefndarmenn sjálfir álíta er hún nærri sanni. Millipinganefnd sú, er hjer ræðir um, var, eins og kunnugt er skipuð samkvæmt þingsályktan Alþingis 1919.

3. Hjer á landi er mikill skortur á góðum og lærðum hjúkrunarkonum. Stúlka sú, er hjer ræðir um sókti um þenna styrk til aukapingsins síðastliðinn vetur og mælti fjárveitinganefnd Nd. með, að beiðninni væri sint, með því skilyrði að stúlkan hyrfi hingað heim að afloknu námi. Með tilliti til þessa veitti stjórnin styrkinn, enda hafði stúlkan mjög góð meðmæli.

4. Þegar hin spanska kvefpest barst hingað síðastliðinn vetur, samþykkti aukaping það, sem þá stóð yfir, að skora á stjórnina að gjöra allt, sem unt væri til að varna útbreiðslu hennar. Þetta var gert og hefnadist furðanlega, en kostaði mikið fje, sem sjálfsgt þykir að leita aukafjárveitingar fyrir.

Við 3. gr.

1. Styrksins til dragferju á Lagarfljóti fyrir árið 1919 var eigi vitjað fyr en eftir að útborgunum þess árs var hætt, en samt þótti rjett að greiða hann og leita endurveitingar.

2. Hið sama er um styrkinn til dragferju á Hjeraðsvötnum, en auk þess er hjer lagt til, eftir framkominni beiðni frá sýslunefnd Skagfirðinga, að styrkurinn verði aukinn um 200 kr. hvort árið, og er það í samræmi við, að t. d. styrkurinn til dragferjuhaldsins á Lagarfljóti hefir verið aukinn um þá fjárhæð, en hvortveggi styrkurinn hefir verið jafnhár fram að þessu fjárhags-tímabili.

3.—4. Vísast til þess, sem sagt er um 1. lið þessarar greinar.

5. Aukapingið 1920 samþykkti í þingsál. að veita 11000 kr. viðbótarstyrk fyrir það ár til vjelbátaferða um Ísafjarðardjúp og kom það fram í umræðunum, að búist væri við sömu viðbót 1921. Í samræmi við þetta er nú stungið upp á 22000 kr. fjárveitingu bæði árin.

6. Hið sama Alþingi veitti 80000 kr. til styrktar bátaferðum á flóum og fjörðum kring um land, fyrir árið 1920. Stjórnin hefir ekki, eins og nú stendur, er frv. þetta er samið, sjeð sjer fært að leggja neitt til um hvort fje skuli veitt í þessu skyni fyrir árið 1921, meðal annars af því, að ekki eru komnar enn skýrslur um alla þá báta, sem notið hafa styrks af þessu fje. Hins vegar má vænta þess, að nánari skýrslur verði komnar þá er þing kemur saman og mun stjórnin þá gera tillögur sínar, jafnframt og skýrt verður frá hvernig nefnd 80000 kr. fjárveiting hefir verið notuð.

7. Á árinu 1920 urðu stöðvarstjóraskifti í Vestmannaeyjum og hafði fyrverandi stöðvarstjóri leigt landssímanum húsnæði, en er hann ljet af stöðunni,

vildi hann alls ekki selja húsnæðið lengur á leigu, og með því að ómögulegt reyndist að fá annarsstaðar húsnæði í Vestmannaeyjum, en það hús hins vegar til sals, sem síminn hafði áður notað, þótti nauðugur einn kostur að kaupa það og kostaði það 65000 kr., sem landssímastjóri taldi gott verð. Af kaupverðinu voru 50000 kr. greiddar strax, en 15000 hvíldu á húsinu og verða greiddar síðar, sennilega af símafje.

Við 4. gr.

1. Þegar gamla spítalahúsið í Þingholtsstræti var tekið til notkunar aftur 1920 sem sjúkrahús fyrir Reykjavíkurbæ, varð læknaeild háskólans að láta af hendi líkhús það, er hann hafði haft á lóð þess húss. En með því að læknaeildin getur að sjálfsgöðu eigi verið án líkhúss, var það tekið til bragðs, að útbúa líkhús í pakkhúsi, sem ríkissjóður á bak við húseign sína í Kirkjustræti 18. Það er kostnaðurinn við þetta verk, sem hjer er leitað aukafjárveitingar fyrir.

2. Rektor mentaskólans fór fram á það síðastliðið vor að fá styrk til utanfarar, sjerstaklega í þeim tilgangi að kynna sjer nýjasta fyrirkomulag samskonar skóla erlendis og hann veitir forstöðu og þótti eigi fært að neita svo verðugum manni um slíkan styrk.

3. Mentamálanefndin er skipuð samkvæmt þingsályktun 1919. Þær 10000 kr., sem hjer er farið fram á aukafjárveitingu fyrir, til greiðslu á kostnaði af nefndinni, er vitaskuld áætlunar-upphæð.

4. Mentaskólinn hafði ekki verið málaður, hvorki utan nje innan síðan 1907 og þangað til síðastliðið sumar. Þá þótti nauðugur einn kostur að gera það vegna væntanlegrar komu konungshjónanna, enda full nauðsyn á að mála allan skólann utan og innan og þótt eigi hefði verið von konungs og drotningar hefði verið óhugsandi að draga það mörg ár að mála skólahúsið. En um leið og þetta var gert var og ýmislegt annað gert við skólann, svo sem gólf, stiga o. fl. Þá voru og sett þar vatnssalerni, sem tilfinnanlega hefir vantað þar. Eykur það mjög þrifnað og dregur úr sýkingarhættu meðal nemenda.

5. Skólastjórinn á Eiðum taldi sjer bráðnauðsynlegt að fara utan í ýmsum erindum fyrir skólann og þótti eigi fært að neita honum um styrk til þess.

6. Smíða og dráttistarkennararnir á Hólum og Hvanneyri falla eigi undir ákvæði launalaganna og varð því eigi hjá því komist að semja sjerstaklega við þá um uppbót og varð það úr, að annar skyldi hafa 800 kr. uppbót á ári fyrst um sinn, en hinn 1000 kr.

7. Þegar núverandi formaður Búnaðarfjelags Íslands skilaði af sjer skólabúinu á Hólum í Hjaltadal og jörðinni, fór hann fram á að fá miklar bætur fyrir umbætur þær, sem hann hafði gert á jörðinni og kynbætur á búpeningi. Hafði hann varið til þessa miklu meira en unt var að álíta hann skyldan til. En með því að engi samningur hafði verið við hann gerður, var sá einn kostur fyrir hendi að taka upp samninga um þetta síðastliðið vor og þótti tilvinnandi að greiða honum þá upphæð, sem frv. tilgreinir, meðal annars til þess að koma í veg fyrir það, að skólabúið fengi úrkast úr búpeningnum.

8. Það var óhjákvæmilegt að setja ný gólf í 1 eða 2 herbergi í dauf-

dumbraskólanum og gera þar lítinn geymsluskúr auk smá-aðgerða. Það er þessi kostnaður, sem umræddur liður á við.

Við 5. gr.

1. Í fjárlögum 1918 voru veittar 2500 kr. til þess að gefa út minningarrit landsbókasafnsins, en eins og við er að búast, var langt frá, að þessi fjárhæð nægði, vegna hækkunar á prentun og pappír. Fyrir því er hjer farið fram á 4500 kr. aukafjárveitingu og er þá ekki um frekari kostnað að ræða, enda er ritið komið út og er hið prýðilegasta.

2. Frá Dönnum höfðu, þar til sambandslögin komu í gildi, verið greiddar 800 kr. á ári til útgáfu fornbrjefasafnsins. En vegna breytingarinnar á sambandinu milli landanna, er greiðsla þessi nú fallin burtu og þar sem útlit var fyrir, að safn þetta mundi hætta að koma út, ef það misti þenna styrk, þótti rjett að veita hann úr rikissjóði upp á væntanlega aukafjárveitingu.

3.—5. Fjárveitinganefnd Nd. mælti með því á aukafjaringinu 1920, að þeim dr. Jóni Þorkelssyni og dr. Jóni Aðils yrði veittur styrkur til að sækja hinn norræna sagnfræðingafund, sem haldinn var í Kristíaníu í sumar, er leið, enda voru þeir báðir meðal fundarboðenda. Mismunurinn á styrk þessara tveggja manna stafar af því, að dr. Jón Þorkelsson þurfti hvort sem var til Kaupmannahafnar í opinberum erindum. Með því, að mag. Bogi Th. Melsted var þriðji íslenski fundarboðandinn þótti rjett að veita honum líka ofurlitinn styrk.

6. Þessi styrkur til Kvenrjettindafjelagsins er veittur eftir meðmælum meiri hluta fjárveitinganefndar Nd.

7. Þessi viðbót er einnig veitt eftir meðmælum fjárveitinganefndar.

8. Eftir öllum atvikum var ómögulegt annað en að halda áfram með og fullgera húsið yfir listasafn Einars Jónssonar þótt það hafi farið stórum fram úr áætlun.

9. Í miklum hluta viðbótarinnar við kirkjugarðinn í Reykjavík er svo grunt niður á klöpp, að ómögulegt er að grafa þar menn nema borin væri áður mold ofan á og hefir þetta verið gert á allstórum kafla. Er af þessu mikill kostnaður, sem þó eigir verður hjá komist.

10. Bjarni Jónsson frá Vogu hefir nú lokið við að þýða fyrri hluta Fausts og þykir mikils um vert, að hann verði prentaður. Stjórnin verður að líta svo á, að meiningarlaust sje að veita styrk til að þýða þetta merka rit og gefa það svo ekki út, og þykir því rjett að taka upp aukafjárveitingu í þessu skyni, en að sjálfsögðu þarf höf. að leggja fram mikið frá sjálfum sjer til þess, að koma ritinu út, enda á hann þá upplagið sjálfur.

6. gr.

1. Þessi styrkur var veittur Jóni Þorbergssyni til þess að hann færi utan til að kynna sjer betur ullarmat, sem hann og stjórnarráðið taldi mikla þörf á og veitti Búnaðarfelag Íslands honum jafnháa fjárhæð í þessu skyni.

2. Siglufjarðargarðurinn er altaf að bila, nú síðast í hanst er leið. Stjórnarráðið sá eigi annað fært en að láta í vetur draga að grjót til væntanlegrar að-

gerðar í sumar, því að vitaskuld er ekki um annað að gjöra en að halda garðinum við eða ákveða að skeyta ekki um hann. Stjórnarráðinu þótti líklegra að Alþingi vildi enn reyna að halda honum við og ákvað því að láta flytja að grjót, en komist Alþingi að annari niðurstöðu má væntanlega gera sjer fje úr efninu án mikils halla. Þess skal ennfremur getið að rúmar 1300 kr. hafa verið greiddar á árinu 1920 fyrir aðgerð 1919 og sumarið 1920 fór fram lítilfjörleg aðgerð, sem reikningar eru eigi komnir yfir.

Þess má geta að umræddar 6000 kr. eru að sjálfsögðu lausleg áætlunar-upphæð.

3. Sumarið 1920 var haldinn sýning í Noregi, meðal annars á byggingarefnum o. fl. Það þótti rjett að senda mann á þessa sýningu, enda óskaði Jóh. Fr. Kristjánsson styrks í þessu skyni og mælti fjárveitinganefnd Nd. með því.

4. Þessi liður er tekinn upp eftir ályktun aukapingsins 1920.

5. Hið sama er um þennan lið.

6. Þessi liður er aðeins endurveiting, með því að aðeins 500 kr. af 1500 kr. styrk heimilisiðnaðarfjelaganna var greiddur 1919.

7. Það kemur mjög oft fyrir, að efnarannsóknarstofan þarf að rannsaka steintegundir og hefir hingað til þurft að mylja það með handafli, sem er bæði seinlegt, erfitt og dýrt. Það varð því ofaná að kaupa vjel þessa.

8. Skeiðaáveitan er nú svo langt á veg komin, að það virðist ekki geta komið til mála að láta undir höfuð leggjast að fullgera áveituna, þótt hart sje í ári um fje. Til áveitunnar hafa þegar verið greiddar 9000 kr. upp á væntanlega aukafjárveitingu, en eftir því, sem vegamálastjóri álitur þarf um 20000 kr. úr ríkissjóði til að fullgera áveituna og er þá tekið tillit til að ríkissjóður á aðeins að greiða fjórðung kostnaðar.

9. Fjárveitingin til erindreka á Spáni og Ítalíu er tekin upp eftir ályktun aukapingsins 1920. Að sjálfsögðu verður þá eigi notuð fjárveitingin 1921 handa erindreka Fiskifjelagsins.

Við 7. gr.

Eftir meðmælum fjárveitinganefndar Ed. og ýmsra þingmanna ákvað stjórnin að veita fyrirv. ráðherra Sigurði Jónssyni 3000 kr. eftirlaun á ári með uppbót eins og handa öðru eftirlaunafólki.

Við 8. gr.

1. Upphæð sú, sem hjer er ráðgerð sem útgjöld vegna konungskomunnar er að sjálfsögðu aðeins lausleg áætlun. Kostnaður sá, sem þessu er samfara verður að sjálfsögðu töluvert meiri vegna þess, að eigi varð af komunni í sumar. Nánari skýringar um þetta verða gefnar fjárveitinganefnd og Alþingi, ef óskað verður.

2. Trjesmiður sá, er hjer ræðir um hefir verið mjög lengi í Berlín, og átt við svo þröngan kost að búa þar um nokkuð langan tíma, að kunnugir sögðu, að hann gæti eigi haldið lífi nema skamman tíma, ef honum yrði eigi hjálpað og var því það ráð tekið að koma honum til Danmerkur. Vandræði þessa manns

urðu kunn á þann veg, að Danir sendu íslenska stúlku til Þýskalands til að komast eftir hvaða Danir væru þar hjálparþurfar. Við þetta tækifæri komu vandræði þessa manns í ljós og þar sem hann gat ekki fengið styrk hjá Dönum, þótti sjálfsagt að veita honum þenna litla styrk úr ríkissjóði.